

Mánudaginn 18. maí 1992.

Nr. 289/1989. **Steinunn Káradóttir**

(Björn Ólafur Hallgrímsson hrl.)

gegn

protabúi Eyjólf Matthíassonar

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

og gagnsök.

Gjaldprot. Riftun. Skilnaðarsamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein og Sigurður Líndal prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. júlí 1989. Endanlegar kröfur hennar um formhlið málsins eru þær, að málinu verði aðallega vísað frá héraðsdómi og Hæstarétti, en til vara, að málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Varðandi efnishlið málsins krefst hún aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara skulda-jafnaðar á 5.551.609,17 krónum vegna yfirtöku sinnar á skuldum, sem hvíldu á fasteigninni Rauðagerði 58, Reykjavík, sbr. skilnaðar-samning 23. september 1986. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málinu var gagnáfrýjað með stefnu 29. september 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Gagnáfrýjandi krefst þess, að frávísunar-og ómerkingarkröfum aðaláfrýjanda verði hafnað. Að því er efnis-hlið málsins varðar, krefst hann:

„a) Að rift verði með dómi gjöf Eyjólf Matthíassonar á fasteign-inni Rauðagerði 48, Reykjavík, til aðaláfrýjanda, Steinunnar Kára-dóttur, en gjöfin felst í samningi um skilnaðarkjör frá 23.9.1986 og afsali, dagsettu sama dag.

b) Að aðaláfrýjandi verði dæmd til að afhenda gagnáfrýjanda efri hæð hússins nr. 48 við Rauðagerði, Reykjavík.

c) Að aðaláfrýjandi verði dæmd til að greiða gagnáfrýjanda kr. 1.036.549,70 auk 9% ársvaxta frá 29.12.1986 til 21.1.1987, 9,3% ársvaxta frá þ.d. til 1.2.1987, 9,6% ársvaxta frá þ.d. til 11.2.1987,

9,9% ársvaxta frá þ.d. til 21.2.1987, 10,2% ársvaxta frá þ.d. til 1.3.1987, 10,3% ársvaxta frá þ.d. til birtingardags stefnu þann 10.6.1987, en frá þ.d. til greiðsludags dráttarvexti skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. 10. gr. I. nr. 25/1987. Þess er krafist, að dæmt verði, að dráttarvextir leggist við höfuðstól kröfunnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 12 mánuðum frá birtingardegi stefnu þann 10.6.1987, sbr. 12. gr. I. nr. 25/1987.“

Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, og sé þá tekið tillit til kostnaðar við matsgerð, 102.650 krónur.

I.

Krafa aðaláfrýjanda um frávísun málsins frá héraðsdómi og Hæstarétti var fyrst sett fram fyrir Hæstarétti við munnlegan flutning málsins. Kemur hún því ekki til skoðunar. Ekki þykja efni til að vísa máli þessu sjálfkrafa frá dómi eða ómerkja dóm og málsmeðferð í héraði. Verður ekki annað séð en aðaláfrýjandi hafi haft tækifæri til að koma málstað sínum á framfæri í héraði. Hins vegar skorti á, að hún gæfi, þrátt fyrir áskoranir gagnáfrýjanda, upplýsingar um greiðslur sínar af lánum, sem hvíldu á fasteigninni að Rauðagerði 48, og um endurbætur, sem hún telur sig hafa gert á eigninni eftir afsal til hennar 23. september 1986. Skortir enn á skýrar upplýsingar um þessi atriði af hennar hálfu. Verður að dæma málið á þeim grundvelli, sem það er, og aðaláfrýjandi að bera halla af því, sem ábótavant kann að reynast.

II.

Hjónin Eyjólfur Matthíasson og Steinunn Káradóttir, aðaláfrýjandi máls þessa, skildu lögskilnaði 26. september 1986. Gagnáfrýjandi krefst þess að rift verði gjöf Eyjólfss Matthíassonar, sem felist í samningi hans og aðaláfrýjanda um skilnaðarkjör 23. september 1986 og afsali, dagsettu sama dag. Heldur hann því fram, að hér hafi verið um málamyndagerninga að ræða og ætlunin hafi verið að koma eignum undan gjaldþrotaskiptum í andstöðu við reglur 60. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna. Fyrir Hæstarétt hefur hann lagt fram vottorð Hagstofu Íslands, þar sem staðfest er, að Eyjólfur og Steinunn hafa bæði verið með skráð lögheimili að Rauðagerði 48 í Reykjavík frá 14. apríl 1987.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber samkvæmt 1. mgr. 51. gr. gjaldprotalaga nr. 6/1978 að staðfesta hann og taka til greina kröfu gagnáfrýjanda um riftun þeirrar gjafar, sem í framangreindum gerningum fólst.

Aðaláfrýjandi hélt því fram fyrir Hæstarétti, að yrði gerningunum rift, ætti að miða greiðslu sína samkvæmt 62. gr. laga nr. 6/1978 við fasteignamatsverð eignarinnar í heild við samningsgerðina og jafna við það öllum áhvilandi veðskuldum, bæði þeim, sem hún hefði yfirtekið, og einnig þeim, sem Eyjólfur hefði tekið að sér að greiða, en þær hefði hún sjálf greitt. Hún mótmælti framlagðri matsgerð, þar sem hún vær órökstudd og einnig vegna þess, að hún hefði, frá því að gerningarnir voru gerðir og þar til matsmenn skoðuðu eignina, endurbætt hana að ýmsu leyti. Svo sem að framan greinir, skortir skýran útreikning og gagnaöflun aðaláfrýjanda á fjárhæðum þeim, sem hún vill láta taka tillit til við uppgjörið, og verður því að miða við kröfugerð gagnáfrýjanda, en hann hefur margsinnis skorað á aðaláfrýjanda að bæta hér úr.

Aðaláfrýjandi seldi með kaupsamningi 29. desember 1986 neðri hæð fasteignarinnar að Rauðagerði 48, og nam söluverðið 2.500.000 krónum. Gagnáfrýjandi krefur aðaláfrýjanda samkvæmt 62. gr. laga nr. 6/1978 um greiðslu 1.036.550 króna auk vaxta frá söludegi neðri hæðarinnar. Þessa fjárhæð byggir hann á söluverði eignarinnar að frádregnum sölulaunum, 50.000 krónum, og veðskuldum, 245.307 krónum, við Gunnlaug Kárason, sem aðaláfrýjandi tók að sér að greiða samkvæmt skilnaðarsamningi, og 1.168.083 krónum, sem Eyjólfur tók að sér að greiða, en aðaláfrýjandi hefur gert upp samkvæmt kvittun 27. nóvember 1987. Gagnáfrýjandi hefur lagt fram álit dómkvaddra matsmanna, dagsett 26. september 1988, um verðmæti fasteignarinnar að Rauðagerði 48 miðað við 23. september 1986. Samkvæmt henni nam verðmæti neðri hæðar þá 2.100.000 krónum. Fram kemur þar, að matsmönnum var kunnugt um sölu neðri hæðarinnar. Þykir því eiga að miða við verðgildi hæðarinnar samkvæmt matinu, sem miðar við þann tíma, er umdeildir gerningar voru gerðir, og staðfesta héraðsdóm varðandi þennan lið að öðru leyti en því, að vextir verða aðeins dæmdir frá 29. desember 1986, svo sem greinir í kröfugerð gagnáfrýjanda.

Þá krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um afhendingu efri hæðar hússins nr. 48 við Rauðagerði í Reykjavík og byggir þá kröfu á 64. gr. laga nr. 6/1978. Gagnáfrýjandi heldur því fram, að í þessari kröfu sinni felist, að aðaláfrýjandi sé leyst undan greiðslu áhvílandi veðskuldbindinga, en uppgjör að öðru leyti verði að bíða, enda verði þar að huga að ýmsum atriðum. Fallast verður á það með héraðsdómi, að lagaskilyrði séu fyrir afhendingu efri hæðarinnar, og er sú niðurstaða hans staðfest og krafa gagnáfrýjanda þannig tekin til greina. Jafnframt ber að fallast á þá kröfu hans, að jöfnun greiðslna samkvæmt niðurlagi 64. gr. laga nr. 6/1978 verði að bíða, þar sem fullnægjandi gögn liggja ekki fyrir af hálfu aðaláfrýjanda. Varakröfu aðaláfrýjanda er því vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi, að því er þennan lið varðar.

Niðurstaða héraðsdóms skal því í heild sinni vera óhöggud að öðru leyti en því, að vextir dæmast samkvæmt kröfu gagnáfrýjanda frá 29. desember 1986.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði. Ekki er þá tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Varakröfu aðaláfrýjanda, Steinunnar Káradóttur, er vísað frá héraðsdómi.

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur að öðru leyti en því, að vextir dæmast frá 29. desember 1986.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda, þrotabúi Eyjólfssonar, 100.000 krónur í málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júní 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. maí sl., er höfðað með stefnu, birtir 10. júní 1987.

Stefnandi er þrotabúi Eyjólfssonar, nnr. 1777-2651.

Stefnda er Steinunn Káradóttir, nnr. 8482-6049, Rauðagerði 48, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að rift verði með dómi gjöf Eyjólfss Matthíassonar, nnr. 1777-2651, á fasteigninni Rauðagerði 48, Reykjavík, til fyrrverandi eiginkonu sinnar, Steinunnar Káradóttur, nnr. 8482-6049, en gjöfin felst í samningi þeirra um skilnaðarkjör, sem dagsettur er 23. september 1986, og afsali til stefndu fyrir eigninni, dagsettu sama dag, en mótteknu til þinglýsingar hjá borgar-fógetanum í Reykjavík 25. september 1986.

2. Að stefnda, Steinunn, verði dæmd til að afhenda stefnanda efri hæð hússins að Rauðagerði 48, Reykjavík.

3. Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 1.036.549,70 krónur auk 9% ársvaxta frá 29. desember 1986 til 21. janúar 1987, 9,3% ársvaxta frá þeim degi til 1. febrúar 1987, 9,6% ársvaxta frá þeim degi til 11. febrúar 1987, 9,9% ársvaxta frá þeim degi til 21. febrúar 1987, 10,2% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1987, 10,3% ársvaxta frá þeim degi til birtingar-dags stefnu í máli þessu, en frá þeim degi dráttarvaxta eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. 10. gr. laga nr. 25/1987. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti tólf mánuðum frá birtingardegi stefnu, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987.

4. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmanna-félags Íslands að viðbættu 12% sölugjaldi á málflutningslaun. Þá verði málskostnaðarfjárhæð miðuð við matsverð fasteignarinnar Rauðagerðis 48, Reykjavík.

Þess er krafist, að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda mats-kostnað skv. framlögðum kostnaðarreikningum, 102.650 krónur.

Af hálfu stefndu er krafist frávisunar málsins, en sú krafa kom fyrst fram við flutning þess. Þá er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda. Til vara er krafist skuldajafnaðar vegna yfirtöku stefndu á skuldum, að fjárhæð samtals 5.551.609,17 krónum, enn fremur málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málsatvik og málsástæður stefnanda.

Hjónin Eyjólfur Matthíasson og stefnda, Steinunn Káradóttir, gerðu með sér samning um skilnaðarkjör, dagsettan 23. september 1986, og samkvæmt honum fékk stefnda íbúðarhús á tveimur hæðum að Rauðagerði 48 hér í borg við skiptin, og var það metið á 4.954.000 krónur við skiptin. Húseign þessi var þinglýst eign Eyjólfss Matthíassonar og því hjúskapareign hans.

Eyjólfur fékk í sinn hlut bifreiðina R-2984 af tegundinni Opel Karavan, árgerð 1978, metna á 50.000 krónur, og hlutabréf í hlutafélögunum Múrafli h/f og Fiskeldi h/f, sem metin voru á 199.000 krónur.

Stefnda tók við eftirtöldum skuldum:

1.1. Skuld við Gunnlaug Kárasen samkvæmt sex skuldabréfum og þá

að eftirstöðvum 245.367,30 krónur, sem hvíldi á íbúð á neðri hæð.

1.2. Skuld við Byggingarsjóð ríkisins, að eftirstöðvum 656.250,66 krónur, sem hvíldi á efri hæð.

1.3. Skuld við Lífeyrissjóð Dagsbrúnar og Framsóknar, að eftirstöðvum 346.706 krónur, sem hvíldi á efri hæð.

1.4. Skuld við Skipstjóra og stýrimannafélagið Ölduna, að eftirstöðvum 655.202,21 krónur, sem hvíldi á efri hæð.

Maðurinn tók að sér að aflýsa af eigninni Rauðagerði 48 tveimur tryggingarbréfum:

2.1. Öðru við Almennar tryggingar, að fjárhæð 2.400.000 krónur, sem hvíldi á efri hæð.

2.2. Hinu við Alþýðubankann h/f, að fjárhæð 1.000.000 króna, sem hvíldi á neðri hæð.

2.3. Auk þess skuld við Vélsmiðjuna Steina h/f skv. fjárnámi, að fjárhæð ca. 80.000 krónur, sem hvíldi á efri hæð.

Samkvæmt mati dómkvaddra manna var verðmæti efri hæðar Rauðagerðis 48 4.150.000 krónur 23. september 1986 og verðmæti neðri hæðar 2.100.000 krónur og verðmæti eignar þeirrar, er stefnda fékk samkvæmt skilnaðarkjarasamningi, samtals 6.250.000 krónur.

Skuldir þær, er stefnda tók við 23. september 1986, námu þá samtals 1.903.526,17 krónum.

Í framhaldi af skilnaðarkjarasamningnum gaf Eyjólfur síðan út afsal til stefndu fyrir fasteigninni Rauðagerði 48, Reykjavík, og var það móttekið til þinglýsingar 25. september 1986.

Stefnda seldi Ragnhildi Sigurðardóttur neðri hæð hússins Rauðagerðis 48 fyrir 2.500.000 krónur með kaupsamningi, dagsettum 29. desember 1986.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 2. febrúar 1987 var bú Eyjólfss Matthíassonar tekið til gjaldþrotaskipta. Lýstar kröfur í búið nema a.m.k. 8.168.411 krónum, en eignir þess eru mjög litlar að fasteigninni Rauðagerði 48 undanskilinni.

Með bréfi skiptaráðandans í Reykjavík, dagsettu 23. mars 1987, var Sigurmar Albertssyni hæstaréttarlögmanni falið að höfða mál þetta í nafni þrotabúsins til riftunar hjónaskilnaðarsamningsins og til greiðslu hlutdeildar þrotabúsins í þeim verðmætum, sem stefnda hefur fengið við sölu á þeim verðmætum, sem hún hefur fengið við sölu á þeim hluta fasteignarinnar að Rauðagerði 48, sem seldur var.

Í máli þessu er krafist riftunar skilnaðarsamnings þeirra Eyjólfss og Steinunnar frá 23. september 1986 að því leyti, sem hann lýtur að yfirfærslu á eignarrétti á fasteigninni Rauðagerði 48 frá Eyjólfvi Matthíassyni til stefndu.

Helsta röksemd fyrir riftunarkröfu stefnanda er, að yfirfærsla sú á eignarrétti að fasteigninni Rauðagerði 48, sem komið hafi verið í kring með skilnaðarsamningnum og afsalinu, sé í raun gjafagerningur og skilnaðarsamningurinn hafi verið gerður í þeim tilgangi að koma fasteigninni Rauðagerði 48, sem hafi verið hjúskapareign Eyjólfss, undan gjaldþrotaskiptum.

Ljóst sé af fjárhæð þeirra krafna, sem borist hafa í þrotabú Eyjólfss Matthíassonar, að skuldir hans hafi verið mun meiri en eignir á þeim tíma, sem skilnaðarkjarasamningurinn var gerður.

Þar sem hvort hjóna um sig geti aðeins krafist helmings af hreinni hjúskapareign beggja við slit á hjúskap og skuldir Eyjólfss Matthíassonar hafi verið mun meiri í september 1986 en nam verðmæti eigna hans og hjúskapareign hans því í raun neikvæð, hafi stefnda ekki átt rétt á að fá neitt af hjúskapareignum Eyjólfss við skiptin vegna skilnaðar þeirra. Verðmæti fasteignarinnar að Rauðalæk 48 hafi verið talsvert meira en fjárhæð veðskulda þeirra, er hvíldu á eigninni, og hafi því falist gjafagerningur í skilnaðarsamningi aðila og afsalinu til stefndu.

Þá hafi verðmæti annarra eigna mannsins verið óverulegt og hann engar ráðstafanir gert til að tryggja greiðslur þeirra krafna, sem á honum hvíldu, og felist því í þessum gjafagerningi undanskot eigna á kostnað lánardrottna.

Telur stefnandi, að í skilnaðarkjarasamningnum hafi falist gjöf til stefndu, sem falli undir gjafahugtak 51. gr. 1. nr. 6/1978 um gjaldþrotaskipti, og sé gjöfin því riftanleg.

Ljóst sé, að afsal fyrir Rauðagerði hafi verið gefið út vel innan þeirra tímamarka, sem 1. mgr. 51. gr. nefndra laga tilgreini.

Í riftunarmáli þessu er þess krafist, að efri hæð hússins að Rauðagerði 48 verði skilað stefnanda. Reisir hann kröfu þessa á 64. gr. laga nr. 6/1978.

Málsatvik, málsástæður og lagarök stefndu.

Stefnda reisir kröfu sína á því, að skilnaðarsamningurinn feli í sér fjárskipti sín og fyrrverandi manns síns vegna skilnaðar þeirra, en hjúskap hafi lokið með lögskilnaði 26. september 1986. Er því eindregið mótmælt, að í samningi þessum felist gjafagerningur til stefndu. Telur stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir því, að skilnaðarsamningurinn sé í raun gjafagerningur.

Þá ber stefnda fyrir sig, að hún hafi verið algerlega grandlaus um fjárhagsstöðu fyrrverandi eiginmanns síns, þegar samningurinn um skilnaðarkjör var gerður, og að auk þeirra skulda, sem hún hafi tekið að sér að greiða samkvæmt skilnaðarsamningi, þurfi hún að greiða þær veðskuldir, sem maðurinn lofaði að aflýsa samkvæmt skilnaðarkjarasamningi.

Stefnda byggir á því, að 51. gr. laga nr. 6/1978 eigi einungis við, þegar um gjafagærninga sé að ræða, og eigi hún ekki við í þessu máli.

Forsendur og niðurstaða.

Við munnlegan flutning málsins krafðist talsmaður stefndu þess, að málinu yrði vísað frá dómi. Sú krafa er allt of seint fram komin, sbr. 3. mgr. 110. gr. laga nr. 85/1936, og var sérstaklega mótmælt af hálfu stefnanda. Verður því ekki fjallað frekar um hana hér.

Í máli þessu krefst stefnandi riftunar á gjafagærningi, sem felist í skilnaðarkjarasamningi þeim, er hjónin Eyjólfur Matthíasson og Steinunn Kára-dóttir gerðu 23. september 1986, og afsali, dagsettu sama dag. Samkvæmt úrskurði skiptaráðandans í Reykjavík 2. febrúar 1987 barst skiptaréttinum beiðni um gjaldþrotaskipti á búi Eyjólfss Matthíassonar 15. janúar þ. á. Er 15. janúar því frestdagur, sbr. 1. gr., a-lið, laga nr. 6/1978 um gjaldþrotaskipti. Samkvæmt 1. tl. 51. gr. gjaldþrotalaga má krefjast riftunar gjafagærnings, ef gjöfin var afhent á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag.

Fram kemur á veðbókavottorði, dagsettu 26/3 1987, fyrir neðri hæð hússins nr. 48 við Rauðagerði og öðru fyrir efri hæð hússins, dagsettu sama dag, að Eyjólfur Matthíasson var einn þinglýstur eigandi eignarinnar, áður en afsal til stefndu var innfært í veðmálabækur. Samkvæmt því afsali afsalar hann til stefndu „neðangreindum eignum mínum“.

Þá hefur Eyjólfur Matthíasson gefið út skuldabréf, tryggt með veði í neðri hæð hússins.

Af þessu telur dómurinn ljóst, að húseignin nr. 48 hafi verið hjúskapar-eign Eyjólfss Matthíassonar, svo sem haldið hefur verið fram af stefnanda í málflutningi hans og hefur reyndar ekki verið mótmælt af stefndu.

Er skilnaðarkjarasamningur hjónanna var gerður 23. september 1986, voru skuldir mannsins samtals 10.134.015 kr. samkvæmt yfirliti, sem stefnandi hefur lagt fram og ekki er mótmælt af hálfu stefndu. Þar af voru veðskuldir, sem hvíldu á fasteigninni, 5.551.609 krónur, en aðrar skuldir 4.582.406 krónur.

Stefnandi hefur lagt fram matsgerð Magnúsar Guðjónssonar og Agnars Gústafssonar hrl. frá 26. september 1988, en þeir voru kvaddir til þess af bæjarþinginu að meta, hvert hefði verið verðmæti fasteignarinnar að Rauðagerði 48 23. september 1986. Niðurstaða matsmanna var sú, að verðmæti eignarinnar allrar hefði verið 6.250.000 krónur 23. september 1986.

Þá er fram komið í málinu, að Múrafl h/f var tekið til gjaldþrotaskipta 2. september 1987. Með hliðsjón af því svo og lista yfir lýstar kröfur í protabú Múrafls h/f, sem fram hefur verið lagður í málinu, verður á það fallist með stefnanda, að hlutabréf Eyjólfss í Múrafli h/f hafi verið verðlaus.

Ekki liggja fyrir gögn í málinu um verðmæti hlutabréfa í Fiskeldi h/f,

en miðað við skilnaðarkjarasamning aðila er ljóst, að verðmæti þeirra fór ekki fram úr 199.000 krónum.

Samkvæmt þessu var hjúskapareign Eyjólfss Matthíassonar neikvæð, er skilnaðarkjarasamningurinn var gerður. Með því að svo var, fólst gjöf í skilnaðarkjarasamningi hjónanna, svo sem haldið er fram af stefnanda, og því fullnægt efnislegum skilyrðum 1. tl. 51. gr. laga nr. 6/1978 um, að rifta megi skilnaðarkjarasamningi hjónanna að þessu leyti, svo sem haldið er fram af stefnanda. Þá ber einnig að rifta afsali frá 23. september 1986 frá Eyjólfvi Matthíassyni til stefndu, svo sem krafist er af stefnanda.

Stefnandi hefur krafist þess, að stefnda verði dæmd til að afhenda stefnanda efri hæð hússins að Rauðagerði 48, Reykjavík. Samkvæmt 64. gr. gjaldþrotalaga skal skila greiðslum í þeim mæli, sem þær eru enn til, ef annar hvor aðila krefst þess, enda verði það gert án óhæfilegrar rýrnunar verðmæta. Telja verður, að skilyrðum greinarinnar sé fullnægt, eins og hér stendur á, og ber að verða við kröfu þessari og dæma stefndu til afhendingar íbúðarinnar.

Skilja verður kröfu stefndanda um riftun afsalsins frá 23. september 1986 og kröfu um afhendingu efri hæðar þannig, að niður falli skylda stefndu til að taka að sér greiðslu veðskulda, sem hvíldu á efri hæð húseignarinnar.

Þá krefur stefnandi stefndu um greiðslu á 1.036.549,70 auk vaxta frá 29. desember 1986, en þá seldi hún íbúð á neðri hæð Rauðagerðis 48 Ragnhildi Sigurðardóttur. Fjárhæð þessa kveður stefnandi söluverð eignarinnar samkvæmt kaupsamningi þeirra Ragnhildar 2.500.000 krónur að frádregnum ætluðum sölulaunum og áhvílandi veðskuldum. Stefnandi kveður fjárhæð þessa vera auðgun þá, sem stefnda hafi hlotið við gjöf þá, er í skilnaðarkjarasamningi fólst.

Í matsgerð þeirri, er að framan getur, um verðmæti Rauðagerðis 48 var verðmæti neðri hæðar metið 2.100.000 krónur miðað við 23. september 1986. Tjón stefnanda samkvæmt 62. gr. gjaldþrotalaga miðast við það tímamark, og þegar tillit er tekið til fjárhæðar veðskulda þeirra, sem þá hvíldu á eignarhlutanum, ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda 636.549,70 krónur. Stefnandi hefur krafist vaxta frá 29. desember 1986, en eins og kröfugerð hans er háttað, þykir mega færa upphafsdag vaxta fram til 23. september 1986, en um vaxtafót fer svo sem greinir í dómsorði.

Stefnandi hefur krafist þess, að skuldum, sem hún hafi tekið að sér að greiða í skilnaðarkjarasamningi og hvíldu ýmist á neðri hæð eða efri hæð Rauðagerðis 48, verði skuldajafnað við kröfu stefnanda á hendur sér.

Það er niðurstaða dómsins, eins og að framan greinir, að við riftun afsalsins frá 23. september 1986 sé stefnda leyst undan skyldu sinni til að greiða áhvílandi veðskuldir á efri hæð. Enn fremur eru skuldir, sem hvíldu á neðri hæð og hún tók að sér greiðslu á skv. skilnaðarkjarasamningi, og

skuld við Alþýðubankann, sem maður hennar hafði lofað að greiða, dregnar frá verðmæti þess eignarhluta í kröfugerð stefnanda.

Ekki þykja efni til að fjalla frekar um þá kröfu stefndu, að fjárhæð þeirra sé skuldajafnað við kröfur búsins á hendur sér.

Stefnda greiddi veðskuldir, sem hvíldu á efri hæð Rauðagerðis 48, en maðurinn hafði lofað að greiða, og krefst nú þess, að greiðslum þessum verði skuldajafnað við kröfu stefnanda á hendur sér.

Samkvæmt 32. gr., 1. mgr., gjaldþotalaga hefur sá, sem skuldar þrotabúi, rétt til skuldajafnaðar, sem er um margt víðtækari en almennt er. Ákvæðið er svohljóðandi.

„1. Hver sá, er skuldar þrotabúi, getur dregið frá það, er hann á hjá því, hvernig sem skuld og gagnkröfu er farið. Þó þarf lánardrottinn eða sá, sem hann erfði kröfuna eftir, að hafa eignast hana, áður en 3 mánuðir voru til frestdags. Ekki verður krafa heldur notuð til skuldajafnaðar, ef lánardrottinn, þegar hann eignaðist hana, sá eða mátti sjá, að þrotamaður átti ekki fyrir skuldum eða hann fékk kröfuna til að skuldajafna.“

Gagnkröfur þær, sem stefnda hefur uppi í máli þessu, urðu til við greiðslu þeirra, en af gögnum málsins verður ráðið, að greiðslur fóru fram eftir 15. október 1986. Skilyrðum skuldajafnaðar skv. málsgreininni er því ekki til að dreifa, og verður því krafa stefndu um skuldajöfnuð ekki tekin til greina.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 280.000 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til sölugjalds af málflutningsþóknun.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Gjölf Eyjólfss Matthíassonar til stefndu, Steinunnar Káradóttur, sem fólst í afhendingu fasteignarinnar að Rauðagerði 48, Reykjavík, samkvæmt samningi þeirra um skilnaðarkjör frá 23. september 1986 og afsali, dagsettu sama dag, er rift.

Stefnda, Steinunn Káradóttir, afhendi stefnanda, þrotabúi Eyjólfss Matthíassonar, efri hæð húseignarinnar Rauðagerðis 48, Reykjavík.

Stefnda, Steinunn Káradóttir, greiði stefnanda, þrotabúi Eyjólfss Matthíassonar, 636.549,70 krónur auk 8,5% ársvaxta frá 23. september 1986 til 1. nóvember 1986, 8,7% ársvaxta frá þeim degi til 11. nóvember 1986, 8,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1986, 8,9% ársvaxta frá þeim degi til 21. janúar 1987, 9,3% ársvaxta frá þeim degi til 1. febrúar 1987, 9,6% ársvaxta frá þeim degi til 11. febrúar 1987, 9,9% ársvaxta frá þeim degi til 21. febrúar 1987, 10,2%

árvaxta frá þeim degi til 1. mars 1987, 10,3% árvaxta frá þeim degi til 10. júní 1987, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfustól kröfunnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 10. júní 1988.

Stefnda greiði stefnanda 280.000 krónur í málskostnað.

Dómi þessum má fullnægja með aðför að lögum að liðnum fimmtán dögum frá birtingu hans.
